

**Fundargerð 349. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
7. febrúar 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist: Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fjarverandi: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. EPN
4. Staðan við breytingu á sérnáminu frá HA
5. Kjarasamningar
6. Undirbúningur að næsta Félagsstjórnarfundum 15. febrúar nk.
7. Þar næsti Félagsstjórnarfundur.
8. Undirbúningur að 27. fulltrúafundi SLFÍ
9. Starfslok starfsmanns á skrifstofu SLFÍ
10. Störf KÁG í þágu félagsins eftir formannskjör
11. Samtal BSRB við ríkisstjórnina
12. MeToo
13. Genfarskólinn
14. Ráðstefna um öldrunarmál
15. Breyting á persónuverndarlögum
16. Frá nefndarsviði alþingis
17. Önnur mál

Dagskrá

1. Fundur settur
Kristín Á. Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) bauð fundarmenn velkomna og tilkynnti um leið að Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) væri í fríi.
2. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta funda er afgreidd og komin á netið.
3. EPN
Birna Ólafsdóttir kom á fundinn og fór yfir ferð stjórnar SLFÍ á EPN ráðstefnuna í Færeyjum í júní 2018. Eitt erindi á ráðstefnunni er á vegum Sjúkraliðafélags Íslands og er það Þór Garðar Þórarinsson sem flytur erindið um velferðartækni.
4. Staðan við breytingu á sérnáminu frá HA
BÓ fór yfir stöðu fagháskólanámsins. Menntamálaráðherra hefur gefið grænt ljós á að skólinn geti hafið undirbúning að framhaldsnáminu og getur þess sérstaklega að það verði unnið í samráði við félagið. BÓ væntir þess að kallað verði fljótlega til fundar.

5. Kjarasamningar

a. Launaskriðstrygging.

Farið var yfir að hagfræðingur BSRB hefði gert grein fyrir að búið væri að reikna út hina svokölluðu launaskriðstryggingu þ.s. leiðrétt á launaskrið á almennum markaði gagnvart opinberum starfsmönnum í takt við ákvarðanir við gerð síðasta kjarasamnings. Niðurstaðan fyrir árin 2013 – 2016 er að engin munur er á launaþróun á almenna markaðnum og starfsmanna sveitarfélaganna, en meðaltals munurinn hjá þeim sem starfa hjá ríkinu er 1,3%. Ljóst er að sá munur er misjafn eftir félögum.

Fulltrúar SLFÍ óskuðu eftir að fá afriti af útreikning hagfræðings BSRB en fékk neitun og því borið við að um trúnaðargögn væri um að ræða. Fulltrúar SLFÍ leituðu til lögfræðings félagsins sem taldi að BSRB hefði upplýsingarskyldu að gegna og ætti að afhenda gögnin, BSRB neitaði áfram og benti SLFÍ á að hægt væri að nálgast útreikninga launaskriðs á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

SLFÍ óskaði eftir því við Gunnar Gunnarsson hagfræðing að hann reiknaði út launaskriði samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands um hver mismunurinn sé á launaþróun meðal BSRB félaga.

KÁG upplýsti að lögð var fram tillaga á stjórnarfundum BSRB um að 1,3% færi jafnt á öll BSRB félögin hjá ríkinu. KÁG hafnaði tillögu stjórnar BSRB þar sem í ljós var komið að verulegur munur var á launaþróun félaga innan BSRB og lagði til að greitt yrði samkvæmt útreikningum Gunnars Gunnarssonar

hagfræðings. Það hefði þýtt 2,2% fyrir Sjúkraliðafélag Íslands en ekki 1,3%.

KÁG fór yfir bréf SLFÍ vegna launaskriðs málsins sem sent verður til fjármálaráðuneytisins, forsætis- og fjármálaráðherra. KÁG upplýsti einnig að hugsanlega verði rætt við lögfræðing félagsins hvort fara eigi með málið fyrir félagsdóm.

b. Samstarfsnefnd sveitarfélaga

KÁG fór yfir bókanir úr kjarasamningum SLFÍ og gerði grein fyrir að verið að fara af stað með vinnu varðandi þær.

Fram kom að enn hefur ekkert gerst varðandi bókun 8 hjá ríkinu þrátt fyrir ítrekaðar kröfur félagsins þar um.

Erindi baklands BSRB til ráðuneytisins um hvaða stéttir það eru sem þurfa að starfs síns vegna að hafa lægri lífaldur við töku lífeyris

KÁG fór yfir bréf um lægri lífaldur til lífeyristöku, sem KÁG vann ásamt bakhópi BSRB. Málið var síðan rætt í vinnuhópi ráðuneytisins og þar kom upp hugmynd um að skila þyrfti tveimur skýrslum frá vinnuhópnum, þar sem ekki næst eining um tillögurnar sem fram koma frá BSRB. Áfram verður unnið að málinu. Sjá meðfylgjandi erindi BSRB dagsett er 20/12 2017 Fylgiskjal [Sjá bréf](#)

c. Stytting vinnuvikunnar.

Borist hafa kvartanir til SLFÍ vegna aðferðarfræði við styttingu vinnuvikunnar, en starfsmenn telja að verið sé að mismuna starfsmönnum. Ekki séu allir með sama möguleika.

6. Undirbúningur að næsta félagsstjórnarfundum 15. febrúar nk.

- Farið var yfir helstu þætti sem skoða þarf og ræða á næsta félagsstjórnarfundum, en komið er í ljós að hafa starfsdeildar hafa ekki allar skilað inn þeim gögnum sem krafa er gerð um fyrir 1. febrúar ár hvert.

- KÁG lagði fram minnisblað um að leggja fyrir félagsstjórnina hugmynd vegna orlofssjóð, en hans er ekki getið í lögum um sjóði SLFÍ, einungis í reglum og þyrfti að fara inn í lögin um sjóði félagsins.
- Næsti trúnaðarmannaráðsfundur verður í haust og þá í tengslum við félagsstjórnarfundinn og er horft til vikunnar 8. – 14. október. Nánari ákvörðun verður tekin á næsta félagsstjórnarfundum þann 15. febrúar 2018.

7. Félagsstjórnarfundur fyrir Fulltrúaþing

Er dagsetur 14. maí 2018 sem er dagurinn fyrir fulltrúaþingið.

8. Undirbúningur að 27. fulltrúaþingi SLFÍ

Næsta fulltrúaþing er dagsett 15. maí 2018. Farið var yfir stöðuna hjá kjörstjórn, en enn hefur kjörstjórn ekki auglýst eftir framboði til formanns félagsins. Eitt framboð hefur borist á skrifstofu SLFÍ og var það áframsent á Huldu Birnu Frímannsdóttur formann kjörstjórnar.

9. Starfslok starfsmanns á skrifstofu SLFÍ

KÁG upplýsti stjórnarmenn um að Lilja Laxdal skrifstofumaður á skrifstofu Sjúkraliðafélags Ísland væri búin að segja starfi sínu lausu vegna aldurs.

10. Störf KÁG í þágu félagsins eftir formannskjör

KÁG ræddi hugsanleg störf hennar fyrir SLFÍ eftir að hún hættir sem formaður og hve langan kjörtíma hún á eftir í hinum ýmsum nefndum og stjórnnum hjá BSRB.

SLFÍ á ekki þessi sæti, þannig að ef KÁG segir sig frá stjórnar og nefndarsætum þá er það varamaður sem tekur við þ.e.a.s. það mun ekki verða fulltrúi frá SLFÍ.

SLFÍ þarf því að taka þátt í kosningum fyrir sætunum þegar þau losna á þingi BSRB í haust.

Einnig hefur verið óskað eftir því við KÁG að hún sitji eitt kjörtímabil til viðbótar sem varamaður í stjórn LSR. KÁG mun einnig sitja í stjórn Styrktarsjóðs BSRB fram að næsta aðalfundi, en hann er ekki fyrr haustið 2018. SLFÍ á ekki sætið í stjórn Styrktarsjóðs og þarf að berjast fyrir því í kosningu á aðalfundi.

Framkvæmdastjórn SLFÍ þarf að ganga frá starfslokum við Kristínu Á.

Guðmundsdóttur formann um framhaldið eftir að hún hættir sem formaður. Gangi þarf frá hvað vænst er af henni varðandi viðveru í félaginu vegna hennar starfa í nefndum hjá BSRB í samráði við varðandi formann.

11. Samtal BSRB við ríkisstjórnina

KÁG sagði frá því að forusta BSRB hefði fundað með ríkisstjórninni vegna vinnumarkaðarins og verið væri í skoðun hvort unnið verði með nýtt vinnumarkaðsmótel á næstu mánuðum.

12. MeToo

KÁG sagði að þörf hefði verið á Me Too umræðunni. Í dag eru margir að taka á þessum málum innan sinna raða og er það gott.

13. Genfarskólinn

KÁG upplýsti að ekki höfðu neinar umsóknir borist frá sjúkraliðum varðandi að sækja Genfarskólann sumarið 2018.

14. Ráðstefna um öldrunarmál

KÁG sagði frá því að búið væri að setja saman mjög flotta og metnaðarfulla ráðstefnudagskrá og ákveða að ráðstefnan fari fram 26. apríl 2018 á Hilton Hótel og er Ögmundur Jónason ráðstefnustjóri. KÁG lagði til að SLFÍ myndi borga fyrir félagsstjórnina til að koma á ráðstefnuna og var það samþykkt.

15. Breyting á persónuverndarlögum

KÁG fór yfir að miklar breytingar væri verið að gera á persónuverndarlögum, sem gerði mun meiri kröfur til þeirra aðila sem væru að höndla með persónulegar upplýsingar, eins og t.d. SLFÍ. Félagið er að endurhanna umsóknareyðublaðið í samráði við Persónuvernd.

16. Frá nefndarsviði alþingis

KÁG fór yfir mál sem barst frá Velferðarnefnd Alþingis en óskað er eftir umsögn vegna þingsályktunar tillögu um óháða, faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús. Eftir nokkra umræðu í framkvæmdastjórn þá er það samdómaálit að of seint sé farið af stað með þetta mál því mikið fé er búið að leggja í hin ýmsu mál vegna byggingu nýs þjóðarsjúkrahúss.

Önnur mál

Voru engin.

Fundi slitið kl. 18:17